

MONITOR



FRÍTT
EINTAK


VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR ER HÓGVÆRÐIN UPPMÁLUB ÞRÁTT FYRIR ÖLL SÍN AFREK

Náman leitar að vanmetnum snillingum

Þú þarft ekki lengur að horfa á aðra svara spurningum. Á Facebook síðu Námunnar fer fram spurningakeppnin Gúglaðu betur þar sem þú getur látið ljós þitt skína. Almenn þekking og færni í notkun leitarvéla hjálpa, því fyrsti keppandinn sem svarar rétt fær peningaverðlaun. Hinsvegar getur þátttakan ein borgað sig því einn heppinn þátttakandi fær einnig peningaverðlaun.

facebook.com/naman.landsbankinn

Steinþór Helgi Arnsteinsson er spurningahöfundur Gúglaðu betur.



Í dag kemur út 100. tölublað **Monitor** í vikuútgáfu en um leið eru 2 ár liðin frá fyrsta vikublaðinu. Hve oft hefur þú **Monitor** ekki komið út á þeim tíma?

ÞAÐ ER KRAFTUR Í ÞESSUM KVARTETT



Mynd/Golli

ANNA LÍSA Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 270288.
Námsstaða: Tómstunda- og félagsmálafræði við HÍ.
Uppáhaldsmatur: Jólamat.
Uppáhaldsstaður í heiminum: Los Angeles, ég var þar í síðustu viku.
Uppáhaldstónlistarmaður: Adele.
Bíómynd sem ég get horft á aftur og aftur: Titanic.

Þetta verður húllumhæ

Anna Lísa og félagar í tómstunda- og félagsmálafræði standa fyrir góðgerðatónleikabombu annað kvöld til styrktar stuðningsfélaginu **Krafti**

„Þegar við fórum að skoða hvaða málefni í kringum okkur við gætum styrkt leist okkur að lokum best á Kraft. Það er sem sé styrktarfélag fyrir ungt fólk sem greinist með krabbamein og aðstandendur þess. Krabbamein er eitthvað sem flestir kannast við úr sínu lífi, hvort sem um er að ræða nána sættingja eða ekki, svo við tengdum við það,“ segir Anna Lísa Ríkhardsdóttir sem ásamt þremur bekkjarsystur sínum í tómstunda- og félagsmálafræði stendur fyrir styrktartónleikum annað kvöld. Bekkjarsystur Önnu eru þær Ásta Þórðardóttir, Sandra Dís Káradóttir og Sunna Árnadóttir. „Við erum í kúrs í skólanum sem heitir viðburðastjórnun og fengum það verkefni að halda alvöruviðburð. Úr varð að við ákváðum að halda styrktartónleika en það var í raun alveg valfrjálst hversu stóran viðburð við héldum, það hefði þess vegna mátt vera afmælisveisla. Með tónleikumum viljum við ekki bara safna pening til að



VIKTOR BIRGISS



ÚLFUR ÚLFUR



FOR A MINOR REFLECTION



SYKUR

styrkja félagið heldur einnig hvetja fólk til að kynna sér starfsemi styrktarfélagins, til dæmis með því að fara inn á heimasíðu þess.“

Allur ágóði til Krafts

Tónleikarnir fara fram á Faktory annað kvöld og opnar húsið klukkan 22:00. „Faktory var í raun fyrsti staðurinn

sem okkur datt í hug fyrir svona viðburð. Þegar við settum okkur í samband við eigendur staðarins voru þeir allir af góðum vilja gerðir og þeir styrkja okkur algjörlega í þessu. Yfirleitt þarf að leggja til kostnað fyrir tæknimann á svona tónleikum en þeir ákváðu að fella þann kostnað niður. Niðurstaðan er því að allir sem að þessu koma eru að gefa vinnuna sína svo hver einasta króna sem skilar sér inn rennur beint til Krafts,“ segir Anna og ítrekar að þær stöllu hafi fundið fyrir virkilega góðum viðbrögðum frá fólkinu í kringum sig. „Við höfum fengið ótrúlega jákvæð viðbrögð svo það stefnir í gott djamm. Raftónlistarmaðurinn Viktor Birgiss opnar kvöldið, í kjölfarið stíga Úlfur Úlfur á stökk, þar á eftir For a Minor Reflection og svo sluttar Sykur þessu. Þetta verður mikið húllumhæ.“

elg



ELGURINN, HIMMI, VIGGA OG JOHNNY

með því að fá holdgerving kærleika og alls hins góða til að sitja fyrir svörum og á myndum.

Til að gera langa sögu stutta þá eyddum við hér fimm klukkustundum með þessum fyrsta þjóðkjörna kvenforseta heimsins. Vigdís fór í förðun, hárgreiðslu, myndatöku og spjall og gæddi sér á vinarbrauði og kaffi. Við vorum í skýjunum með daginn. Í raun hefðum við viljað eiga heila viku með Vigdís því frá henni streymdi fróðleikurinn,

húmorinn og auðmýktin og allt var þetta framreitt af hógværd og virðingu. Vigdís kenndi okkur að senda „rafmagnaðar stuðkveðjur“ og hrósaði okkur fyrir fagmannleg vinnubrögð. Það hrós var á við tólf þúsund gallon af bensíni, það er að segja ef vinnubrögð væru bíll og hrós væri orkan.

Takk fyrir okkur, Vigdís. Þú ert alltaf velkomin í heimsókn.

Jón Ragnar

Efst í huga Monitor

Rafmagnaðar stuðkveðjur

Það hafði bætt verulega í snjókomuna þegar við settumst niður í anddyri Morgunblaðshússins til að bíða eftir gestinum okkar. Það var sunnudagur og því enginn í móttökunni svo við þurftum að búa til okkar eigin móttökunefnd. Við höfðum gætt þess að baða okkur, greiða hárið fallega og á boðstólnum var bakkelsi og kaffi.

Klukkan nálgadist tvö þennan keftirmiðdaginn og spennan jókst með hverju andartaki. Við vorum farnir að stara óvenju mikið á hringtorgið við Hádegismóana til að fylgjast með umferð bílanna. „Þetta hlýtur að vera hún,“ sögðum við annað slag þegar okkur fannst einstakir bílar skera sig úr

fjöldanum. En þegar jepplingur með TAXI-skilti á toppnum keyrði löturhægt inn í hringtorgið eins og eitthvað brothætt væri í bílnum þá var ágiskunarleiknum lokið. Það fór ekki á milli mála að þar var á ferðinni frú Vigdís Finnbogadóttir.

Fyrir tveimur árum fór Monitor að koma út vikulega og síðan þá hafa komið út 100 tölublað. Tvöföld ánægja segja sumir, tvöföld ástæða til að fagna. Okkur Monitor-liðum langaði að fá einhvern með ákaflega sterkan persónuleika til að prýða forsetuna þessa vikuna og vorum við frá upphafi sammála um að það væri bara ein manneskja sem kæmi til greina. Okkur langaði að fagna okkar jákvæðu blaðamennsku



MONITOR MÆLIR MEÐ...

FYRIR ISLENDINGA

Monitor mælir með því að fólk fari að ráðum forsiðufyrirsættunnar og auki orðaforða sinn með því að lesa íslenskar bókmenntir. Það er um að gera að vera með eina góða bók á náttborðinu sem hægt er að glugga í fyrir svefn. Ekki skemmir fyrir hve þægilegt það er að þreya sig fyrir svefninn með lestri.



Í GOGGINN

Það getur verið svo gaman að borða og því hættir mönnum til að vera alltaf að narta í eitthvað.

Ef þú ert einn af þeim, þá mælir Monitor með að fólk narti í hnetumix sem hægt er að fá frá ýmsum framleiðendum í hinum ýmsu matvöruverslunum. Hneturnar eru finn nartkostur en þær innihalda töluvert hollari fítu en til að mynda súkkulaði.



4.3.3.is
alltaf í sökn

FYRIR FÓTBOLTAFRÍK

Það er alltaf gaman af því þegar metnaðarfullar íslenskar vefsíður eru settar á laggirnir. Um síðastliðna helgi fór heimasíðan **433.is** í loftið sem tekur á öllu sem viðkemur fótbolta. Monitor mælir með því að fótboltaáhugamaenn gefi þessari síðu gaum um næstkomandi boltahelgi.

Vikan á facebook



Saga Sig
so ANGRY right now, my gay friends are being attacked on the streets of London just because they are gay, what is wrong with people!!!!!!

21. mars kl. 14:00



Jóhann Alfreð Kristinsson
Það skyggði víst aðeins á gleðina við fæðingu 5 milljónasta norðmannsins að allar sílfurskeiðar eru nú uppseldar í landinu.

20. mars kl. 13:28



Jóhanna Guðrún Jónsdóttir
Æðislegt vídjó. Við komumst langt í ár, alveg viss um það ! :)

19. mars kl. 19:31



Margrét Erla Maack
Sirkúsar sig upp á laugardegi. Sílfurspandex og gullvængir. Photos coming soon.

17. mars kl. 14:21



Greta Salóme Stefánsdóttir
THANK YOU Hannes Þór Halldórsson and Sagafilm for directing and making the video! You all really did an amazing job!!

17. mars kl. 14:21



ANNA SVAVA
Fint en ekki mikið lagt í þetta.



SÓLI HÓLM
Finn eldri konu-effect. Gretta sem segir: Ég er eldgömul og ekki sátt við ævi mína so far.



ANNA SVAVA
Flott gretta. Smá Dr. Saxi í muninum á honum. Mikil tilfinning í augum.



SÓLI HÓLM
Varla hægt að kalla þetta gretta. Frekar undrunarsvipur en þó vandaður slíkur.



KVENNÓ


Laufey Haraldsdóttir



ÞETTA ER EKKI GOTT FYRIR NEINN

MR

Ólafur Kjarran Árnason



SVIPURINN

GRETTU BETUR

Í kvöld og annað kvöld fara fram undanúrslitaviðureignirnar í Gettu betur en í dag fer fram keppnin Grettu betur þar sem liðsmenn spurningaliðanna keppast um bestu grettuna. Til að gera keppnina meira spennandi fengum við Önnu Svövu og Sóla Hólm úr Hæfileikakeppni Íslands til að gefa sitt álit.

MH

Sigurgeir Ingi Þorkelsson



STRÍÐSÖSKRIÐ



ANNA SVAVA
Ágætt en þetta er samt meira öskur. Væri fín forsíða á Monitor.




SÓLI HÓLM
Só sorrí En öskur er ekki gretta. Samt örygglega grjóthart öskur.



VERSLÓ

Gísli Þór Þórðarson með aðstoð liðsfélaga



GAUPAN



ANNA SVAVA
Flott hvernig aðstoðarmennirnir gefa fókus á þann sem er að gretta sig. Hræðileg gretta sem maður vill ekki sjá oft. Flott að þeir eru allir í svörtum fötum. Greinilega mikill metnaður í gangi.



SÓLI HÓLM
Virðingarvert að kalla inn „backup“ ef að andlitsvöðvarnir geta ekki kallað upp góða gretta sjálfir.





NÝTT
BRAGÐ

GOTT BRAGÐ FYRIR HEILBRIGÐAR TENNUR...



Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeyninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



Á TOPPNUM EINS OG KVENNAEILD BREIÐABLIKS

Væri líklega í ræsinu

Hvers vegna tókuð þið þátt? Við tókum þátt til að fá að leggja á. Það hefur ekki liðið það hálfdegi að menn hafi ekki dýpt honum. Það er búið að rjúka úr draslinu á okkur félögnum síðan. En svo var mönnum auðvitað mjög umhugað um að peppa rapp á íslensku.

Hvaða þýðingu hafði sigurinn? Hann gerði það að verkum að við fengum geðveika athygli, það kom alvara í þetta og við fórum „all-in“ í þetta. Þetta hafði verið lausara í reipunum fram að þessu en metnaðurinn jókst mjög mikið við sigurinn því hann var mikil hvatning.

Er mikilvægt að afmá Músíktilraunastimpilinn eða er hann borinn með stolti? Stimpillinn er eins og „V.S.O.P“ á lambakjötinu. Hann þýðir bara að þetta sé „good shit.“ Sérstaklega var þetta góður stimpill af því að við vorum fyrsta raphljóm-sveitin sem vann keppnina. Svo er það bara undir sigurvegurinum komið hvort þeir haldi áfram og geri eitthvað meira en bara vinna keppnina. Ég og félagar mínir í Rottweiler höfum síðan við unnum keppnina unnið nánast flestöll verðlaun í íslenskri tónlist. Þannig að þetta er frábær stökkpallur fyrir tónlistarmenn inn í íslenska tónlistarheiminn.

Hvar værir þú í dag ef þú hefðir ekki tekið þátt? Ég væri örugglega í ræsinu. Ég væri örugglega í vændi, viðskiptafræði, vímuefnum eða einhverju álíka ógeði.

OMAM unnu Músíktilraunir og eru komin með plötusamning hjá Universal. Hvenær fáid þið plötusamning hjá Universal? Það gerist þegar íbúafjöldi á Íslandi fer að tikka í 30 milljónir því við munum auðvitað alltaf rappa á íslensku.

Hvaða ráð hefur þú fyrir þá sem keppa í ár? Þetta verður að vera skemmtilegt allan tímann. Ef þú getur byrjað að lifa á þessu þá ertu að lifa drauminn, fyrir utan það auðvitað að þú munt örugglega fá meira borgað ef það sést að þér finnst þetta skemmtilegt. Svo er gott ráð að gefa ekki „dick“ um hvað öðrum finnst.

jri



Erpur Eyvindarson
Sigursveit: XXX Rottweiler hundar.
Sigurár: 2000.
Í dag: Blaz Roca.

Tilraunir sem genggu upp

Um helgina fara fram undanúrslitakvöldin fyrir **Músíktilraunir** þar sem 48 hljómsveitir og listamenn stíga á svið. Til að hita upp fyrir herlegheitin tók **Monitor** púlsinn á gömlum sigurvegurum.



Arnór Dan Arnarson

Sigursveit: Agent Fresco.
Sigurár: 2008.
Sveit í dag: Agent Fresco.

Hætti við leiklistina

Hvers vegna tókuð þið þátt? Strákarnir ákváðu að gera þetta áður en ég kom í hljómsveitina. Agent Fresco var fyrst „instrumental“ hljómsveit en Boggi, sem var bassaleikari, sendi mér email tveimur vikum fyrir Músíktilraunir þar sem hann segir: „heyjó, við þurfum flippaðan frontmann. Ertu í stuði?“ og sendi mér demo. Mér fannst þetta svo flott að ég sagði bara: „Já klárlega.“ Við vorum allir saman í FÍH en þeir höfðu aldrei heyrt mig syngja og ég hafði ekki heyrt í þeim spila á hljóðfærin sín. Ég þurfti svo að bæta við söng ofan á lögina þeirra.

Hvaða þýðingu hafði sigurinn? Við hefðum aldrei hist og stofnað hljómsveitina ef keppnin væri ekki til. Ég var kominn inn í leiklistarskóla í Danmörku og ætlaði þangað aftur um haustið en ég hætti við til að vera með bandinu. Þetta í raun breytti lífi mínu.

Er mikilvægt að afmá Músíktilraunastimpilinn eða er hann borinn með stolti? Hann er borinn með stolti. Það er svo mikið af ótrúlega góðum hljómsveitum sem hafa stigið sín fyrstu skref þar, Mínus, Múm, Of Monsters and Men, Mammút, Úlfur Úlfur varð til út frá Bróður Svartúlfs, XXX og Jónsi í Sigurórs. Þetta er ótrúlegur listi. Titillinn verður líka til þess að maður vill spila á fullu og sýna að maður eigi hann skilið.

OMAM unnu Músíktilraunir og eru komin með plötusamning hjá Universal. Hvenær fáid þið plötusamning hjá Universal? Það er spurning hvort slíkt fyrirtæki væri gott fyrir Agent Fresco. Við erum með öðruvísi hljómi. Ég dýrka krakkana í OMAM og þau eru með þennan hljómi sem er viðurkenndur í dag. Þetta eru



AGENTINN Í SÍNU GAMLA FORMI

líka svo grípanði lög og þau munu án efa slá í gegn. Við munum örugglega halda áfram að taka skítatúra út um allt. En það er margt sem er hægt að gera sjálfur. Platan okkar kemur út núna í maí í Þýskalandi og fleiri löndum í Mið-Evrópu og það erum við sjálfir sem gefum hana út. Svo þetta á að vera hægt upp á eigin spýtur líka.

Hvaða ráð hefur þú fyrir þá sem keppa í ár? Njótið augnabliksins. Takið fjórar til fimm sekúndur til að njóta þess að vera á flottu sviði og vera hluti af einhverju sem hægt er að vera stoltur af. Það er ekki á hverjum degi sem það er fullt hús af fólki að horfa á þig og hlusta.

jri

Stimpillinn var of þungur kross að bera

Hvers vegna tókuð þið þátt? Það var bara eitthvað „thing“ í þá daga. Allir sem voru að gera tónlist tóku þátt í Músíktilraunum. Af því að við vorum frá Sauðárkróki þá langaði okkur að fara suður og spila og þetta var auðveld leið til að fara suður til Reykjavíkur og spila tónlist.

Voruð þið aðalgaurarnir á Sauðárkróki? Nei, það vissi eiginlega enginn af okkur. Við höfðum bara spilað einu sinni eða eitthvað.

Hvaða þýðingu hafði sigurinn? Þetta sýndi okkur að þetta var alveg hægt. Eins fátánleg hugmynd og þetta var upphaflega, þessi blanda að rappa yfir



HVAÐ ERU VÖRUBRETTIN MÖRG?

lifandi tónlist, þá var auðvitað snillið að vinna Músíktilraunir 5 mánuðum seinna.

Fóruð þið strax í hljóðver? Við fórum í Tankinn og tókum upp tvö lög og svo sömdum við eitt lag þar sem Mugison hálfpartinn leikstýrði. Það var mjög gaman.

Er mikilvægt að afmá Músíktilraunastimpilinn eða er hann borinn með stolti? Hann er borinn með stolti fyrstu mánuðina. En maður vill alltaf verða eitthvað meira en bara bandið sem vann Músíktilraunir. Ef maður horfir til að mynda á Agent Fresco þá hefur þeim tekist að gera svo ótrúlega margt síðan þeir unnu svo það hugsar enginn „hey, þetta er bandið sem vann Músíktilraunir.“ Okkur tókst það í raun aldrei enda hættum við frekar snemma. Stimpillinn var bara of þungur kross að bera (hlær). En mér finnst mjög þægilegt að vera að ná einhverjum árangri án þess að vera með stimpilinn á mér.

Hvar værir þú í dag ef þú hefðir ekki tekið þátt? Ég væri vonandi á nákvæmlega sama stað og ég er í dag. Mér líður mjög vel.

OMAM unnu Músíktilraunir og eru komin með plötusamning hjá Universal. Hvenær fáid þið plötusamning hjá Universal? Ég veit það ekki. Þegar við fórum að rappa á ensku og um peninga.

Hvaða ráð hefur þú fyrir þá sem keppa í ár? Ef þú vinnur ekki, ekki hætta. Ef þú vinnur þá er eins gott að þú haldir áfram. Það er ekkert leiðinlegra en að vera bandið sem vann Músíktilraunir en gerði síðan ekki rassgat. Auðvitað er margt leiðinlegra en þú veist hvað ég á við.

jri



Arnar Freyr Frostason

Sigursveit: Bróðir Svartúlfs.
Sigurár: 2009.
Sveit í dag: Úlfur Úlfur.



At the heart of the image

I AM YOUR BEST DEAL

Nikon 1 J1

Verð frá 119.995.-

I AM | 1 CLICK AHEAD



KAUPAUKI



Nú er hægt að taka öðruvísi ljósmyndir. Taktu ljósmynd um leið og þú tekur hreyfimynd. Taktu alltaf bestu myndina með nýja snjallmyndavalinu. Búðu til hreyfimynd úr ljósmynd. Allt þetta og miklu meira með nýju Nikon 1 myndavélinni með skiptanlegum linsum. Fáanleg í 5 mismunandi litum.

KAUPAUKI Innifalið í kaupum á Nikon J1 myndavél fylgir taska og 8GB minnskort að verðmæti kr 12.995 kr.

COOLPIX

Verð 29.995.-



KAUPAUKI



COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld. Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

KAUPAUKI Innifalið í kaupum á Nikon S3300 myndavél fylgir taska og 4GB minnskort að verðmæti kr 7.995 kr.



Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

www.nikon.is

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU


Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegur 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kaupþún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI


Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði;
Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húsvetninga – Hvammstanga;
Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði;
Valberg – Ólafsfjörður; Kaupþún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað;
Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi,
Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ;
Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.







Í vikulegri útgáfu Monitor hafa nú komið út 100 blöð og á þeim hafa alls 128 einstaklingar prýtt forsiðuna.



Gylfi Sigurðsson hefur tvisvar verið á forsiðunni, einu sinni sjálfur og einu sinni með félögum sínum í U21 árs landsliðinu í knattspyrnu.



Tvisvar hafa lesendur horft í augun á Jóni Gnarr í forsiðusögunni, einu sinni birtist Jón Gnarr einn og svo var hann líka partur af ofurpólitíkunum.



Forsíðu blaðsins hafa prýtt einn heimsmeistari, einn heimsmethafi, einn forseti, einn erlendur tónlistarmaður og átta Eurovision-farar.



Tónlistarfólk hefur látið mest að sér kveða því 46 tónlistarmenn hafa setið fyrir á forsiðunni. Tveir leikstjórar komu í spjall og tveir kokkar.





Leikarar eiga sína fulltrúa en sextán slíkir hafa verið forsíðufyrirsætur. Sama á við um ný grínista, ellefu útvarpsmenn og 22 íþróttamenn.



TOP 2 ÁRA



Meðalaldur fyrirsætanna er í kringum 30 árin. Yngsti fulltrúinn var fimm dögum frá sextán ára aldrinum en sá elsti var tæpum mánuði frá 82 árum.

Ein forsíða var teiknuð en til stóð að teikna lunda á forsíðu Eyjabloðsins þar til Páll Óskar svaraði bón Monitor en hann var þá staddur í New York.



Monitor hefur sumsé fengið til sín urmul af skemmtilegu fólki sem á hrós skilið fyrir að opna sig fyrir okkur og okkar lesendum. Takk fyrir okkur.



Kortið færir þér fríðindin



Kortið veitir þér aðgang að viðburða- og fríðindakerfi Hringtorgs.

Hringtorg er miðpunkturinn í lífi þeirra sem eru með Kortið, kreditkort frá Arion banka. Af Hringtorginu opnast leiðir í allar áttir og þú getur sótt þér upplýsingar um fríðindi, viðburði og betri kjör.

Hringtorg er app hins upplýsta viðskiptavinar.

Kynntu þér málið á hringtorg.is

arionbanki.is – 444 7000

 Arion banki

Forréttindi

að fæðast á Íslandi



/// Ég segi það satt að mér datt ekki í hug að ég næði kjöri, ég hugsaði heldur að með framboðinu hefði ég sannað að eins og sagt er á dönskunni; „kvinder kan“ ...

„Veistu það, ég er svo venjuleg manneskja að það er engin til venjulegri,“ segir **Vigdís Finnbogadóttir**, fyrsti þjóðkjörni kvenforseti mannkynssögunnar. **Monitor** var veittur sá heiður að fá að ræða allt milli himins og jarðar við þessa hógværu goðsögn.

Ég hef skoðanir á svo mörgu því þegar maður er búinn að vera til svona lengi þá hefur maður yfirsýn yfir svo margt,“ sagði Vigdís Finnbogadóttir þegar hún settist niður með blaðamanni og hafði ýmislegt til síns máls sé lítið til viðtalsins sem hér á eftir kemur. Það er ekki á hverjum degi sem á vegi manns verður manneskja sem undirritaður hefur frá blautu barnsbeini séð bregða ótal sinnum fyrir á myndum með kóngafólki og heyrta lofsungna hvað eftir annað. Það var í senn spennandi og skemmtileg lífsreynsla. Blaðamaður kvíttar undir alla þá góðu vitnisburði og bætur við að ofar öllu kemur þessi merkilega kona fyrir sem ofurviðkunnaður mannþekkjari sem lætur sér annat um náungann. Það var því draumaverkefni spyrils að eiga langan fund með þessari fyrstu konu heims til að vera þjóðkjörin forseti og ræða við hana um æsku hennar, íslenska tungu, djammid og allt sem finnst þar á milli.

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Ernir Eyjólfsson

einar@monitor.is
ernir@ernire.is

Pú ólst upp í Reykjavík á stríðsárunum. Hvað langaði þig að verða þegar þú varst lítil stelpa?

Mig langaði fyrst og fremst að sjá heiminn. Mig langaði alltaf til að verða skipstjóri og var ákveðin í því en þá var mér sagt með mikilli meðaumkun að stelpur gætu ekki orðið skipstjórar. Þetta voru nú tímarnir þá en nú eru stelpur flugstjórar og allt það. Mig langaði fyrst og fremst að sjá heiminn því ég fylgdist vel með heimsfréttum og ég var svo hrædd um að styrjöldin myndi eyðileggja allt í Evrópu áður en ég fengi að sjá það. Ég lagði því upp úr að fara í eitthvert nám þannig að ég kæmist til útlanda að sjá þetta sem ég var búin að skoða myndir af í bókum og lesa um.

Móðir þín var útvinnandi kona og lét vel að sér kveða í félagsmálum. Á hún sinn þátt í því að þú hafir endað á að verða fyrsti þjóðkjörni kvenforseti heims?

Ég efast stórlega um það vegna þess að okkur þótti alveg nóg um félagsstússið í henni þá. Bróðir minn kallaði hana alltaf „mömmu símalöngu“. Hún vann líka sem kennari og aðrar mömmur voru miklu meira heima en hún. Hún var stórkostleg og stórmerkileg kona, ég sé það betur núna, en ég efast um að hún hafi haft nokkurn þátt í því að mín braut varð eins og hún varð.

Hvað kveikti áhuga þinn á forsetaembættinu?

Ég hafði nú engan sérstakan áhuga á forsetaembættinu. Ég var mikill aðdáandi Kristjáns Eldjárns, mér fannst hann alveg sérstakur maður en það var mjög fjarri mér að ég myndi enda á að fara í þetta forsetaembætti, það voru aðrir sem ýttu mér út í það. Það verður að tíunda það að Kvennafrídagurinn 24. október 1975 var upphafið að því öllu saman. Á þeim degi komst Ísland í heimsfréttirnar og fimm árum síðar þegar Kristján Eldjárn tilkynnti í áramótaávarpinu að hann ætlaði að hætta var fólk á því að í forsetakosningunum yrði að vera kvenmaður á meðal frambjóðenda. Að mér dytti sjálfri í hug að bjóða mig fram er þó af og frá. Öðrum datt það í hug og það var mikið röið í mér og skorað á mig. Ég var alltaf jafnhissa en að lokum voru tilmælin orðin svo sterk frá bæði bestu vinum mínum og fólki sem ég þekkti ekkert svo ég eignlega hoppaði bara út í laugina. Menn sögðu líka við mig: „Þú ert oddvitinn, við erum á bak við þig,“ og þannig upplifði ég það alltaf, að ég væri oddviti ákveðins fjölda fólks. Síðan fór þetta eins og það fór. Ég segi það satt að mér datt ekki í hug að ég næði kjöri, ég hugsaði heldur að með framboðinu hefði ég

sannað að eins og sagt er á dönskunni; „kvinder kan“, konur geta líka ýmislegt, og það vitum við núna öllum þessum árum seinna.

Manst þú enn hvernig tilfinningin var þegar þú áttaðir þig á því að þú bærir þennan titil, fyrsti þjóðkjörni kvenforseti heims?

Já, það var mjög sérkennileg tilfinning. Ég hafði aldrei hugsað út í það að hvergi annars staðar væri kvenforseti. Mér fannst einhvern veginn að Indira Gandhi eða Golda Meir hefðu verið forsetar en þær voru forsætisráðherrar og voru ekki lýðræðiskjörnar heldur flokkskjörnar. Ég neita því ekki að mér finnst það flott fyrir Ísland að hafa eignast fyrsta þjóðkjörna kvenforsetann í heiminum. Hvar sem ég fer í heiminum er ég enn kynnt sem lík.

Þykir þér vænt um það?

Auðvitað, það lyftir Íslandi. Það lyftir mér ekki, það er mjög mikilvægt því ég vil ekki lyfta mér, ég vil lyfta landi og þjóð. Það er mjög merkilegt að þjóðin skyldi hafa kjark til að gera þetta því þetta var alveg nýtt.

Þú ert hógværdin uppmáluð.

Ég var alin upp við það að menn ættu að vera hógværir. Öll mín uppvaxtarár var mjög ríkt í mér að trana mér ekki fram og það situr enn í mér. Það er voðalega sérkennilegt að lenda í svona embætti og vera ávallt að hugsa um að halda sér til hlés. Ég er af síðustu kynslóð í landinu sem er alin upp við þetta en mér finnst það mjög fallett í mínu uppeldi, ég met það mikils. Hógværdin er næsti bær við væntumþykju. Í hógværdinni gefur maður sér tíma til að þykja vænt um annað fólk og mér þykir ákaflega vænt um fólk.

Hvenær fórst þú að finna fyrir því að kjörin hefði vakið heimsathygli og nafn þitt væri þekkt úti um víða veröld?

Þegar mér fóru að berast úrklippur alls staðar að úr veröldinni. Ég fékk meira að segja úrklippur á kinversku og öllum mögulegum austurlandtungumálum. Það voru myndir af mér í þessum útlensku blöðum, stundum stóð ekki einu sinni hvað ég hét því menn gátu ekki sagt nafnið mitt heldur stóð bara í stórum stöfum: „Kona kjörin forseti á Íslandi.“ Þá fór ég að átta mig á því að þetta var nú heimsfrétt.

Ef þú værir ung í dag, væri eitthvað sem þú myndir vilja gera nú sem þú hafðir ekki tækifæri til að gera þegar þú varst ung?

Nei, ég er alin upp við þá gæfu að fá að velja hvað ég vildi gera og ég hugsa að ég myndi velja það sama í dag. Ég er mikil kvenréttindakona en ég er líka karlréttindakona og ég er að verða meiri og meiri karlréttindakona því ég vil hafa jafnvægi í þessu í þjóðfélaginu. Ég vil ekki að karlar þurfi að upplifa það sem konur þurftu að upplifa áður, að konur séu orðnar það sterkar að karlar þurfi að hafa sig alla við til að viðhalda jafnrétti. Mér finnst mikilvægt að karlar og konur standi jafnfætis í þjóðfélaginu. Gæfan er sú að karlar og konur hafa svo mikinn stuðning hvert af öðru því hvort kynið fyrir sig hugsar eilítið öðruvísi en hitt kynið. Vinátta milli karls og konu er alveg óskaplega falleg, þá er ég að tala um andlega jafnt sem kærleika í hjónabandi, og hún er svo mikil gjöf frá öðrum aðila til hins. Að kona eignast góða og trausta vináttu hjá karli, maka sínum eða vini, og karl hjá konu, maka sínum eða vinkonu, er það besta sem hægt er að eignast.

Hvað finnst þér um stöðu mála í kvenréttindabaráttunni nú á dögum? Fylgist þú með umræðunni um „öfgafemínisma“?

Það hefur ótrúlega mikið áunnist en það er ekki algjört jafnrétti. Við vitum öll að á meðan launajafnrétti er ekki náð þá er ekkert jafnrétti. Það verður að meta störf kvenna til jafns við störf karla. Hinn gullni meðalvegur er þó alltaf sterkastur. Allar öfgar fara öfugt inn í hugsanagang samfélagsins, barátta sem er mjög öfgafull snýst upp í andhverfu sína.

Auðvitað fylgist ég með allri umræðu um slíkt og ég segi: Gætum varhug við því, öfgarnar geta eyðilagt góðan málstað.

Hvernig var að vera stúlka í menntaskóla á þínum árum í MR?

Það er nú svo skemmtilegt að þá var þessi kvenréttindahugsun byrjuð og þegar ég var í 6. bekk stofnuðum við stelpurnar í 5. og 6. bekk kvenréttindafélag sem hét Aþena. Við höldum dansæfingar, eins og skólaböllin voru kölluð þá, þar sem stelpurnar áttu að bjóða upp. Þetta var rosalega skemmtilegt. Þá grunaði okkur ekki að svo myndi fara að á seinni árum okkar myndi vera komið meira og öðruvísi jafnrétti heldur en verið var að ræða þá. Nú kemur jafnréttið til að mynda svo glæsilega fram í jafnrétti til náms.

Hvað gerði þín kynslóð sér til skemmtunar á menntaskólaárunum?


Við gerðum bara það nákvæmlega sama og gert er nú til dags, nema það var bara enginn bjór til þá. Partíin sem haldin voru fyrir böll eða svoleiðis byrjuðu klukkan átta og svo var öllu lokað klukkan tvö. Það var meiri virðing borin fyrir sólarhringnum. Það var enginn bjór en náttúrlega voru alltaf einhverjir sem ferðuðust með pela eða eitthvað slíkt en það voru engir heilagleikar í gangi nema síður sé. Að sama skapi má ég til með að nefna að það var ekki slegist og það var ekkert dóp, guði sé lof. Menn urðu auðvitað þínu kenndir en það var lítið um slagsmál og aldrei man ég eftir því að það hafi verið sparkað í liggjandi mann eða niðst á minni máttar, það gerðu menn ekki í mínu ungdæmi.

VIGDÍS Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 150430.

Uppáhaldsmatur: Mér þykir allur vel gerður matur góður.

Líklega verð ég þó að taka fram að mér þykir franskur matur sérlega góður. Franskir sniglar eru herramannsmatur.



Uppáhaldsstaður í heiminum: Ísland.

Uppáhaldskvikmynd: Þær eru svo margar. Nýjasta upphaldsmyndin mín er auðvitað L'Artiste. Síðan gæti ég nefnt myndir eins og hinar ítölsku Paradiso og Pane e tulipani, Goodbye Lenin frá Þýskalandi, Englar alheimsins, Börn náttúrunnar, ég get alltaf séð hana aftur og aftur því mér þótti svo vænt um leikarana. Síðan held ég upp á myndir með leikaranum Gerard Depardieu.



Uppáhaldsbók: Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness.

Ef þú værir tilneydd til að fá þér húðflúr og yrðir að velja úr eftirfarandi, hvort myndir þú fá þér skjaldarmerki Íslands eða mynd af



Bessastöðum? Hvorugt, ég myndi fá mér mynd af fallega vaxinni björk, fallegri holtasöleyju eða lambagrasi.

Hvada orð notuðuð þið yfir það að fara að skemmta sér? Hvernig tónlist hlustaðir þú á?

Það var bara nákvæmlega eins og þið, við töluðum um „að fara á djammíð“ eða „út að skemmta sér“. Hvað tónlistina varðar dönsuðum við mikið við ameríska tónlist eins og Fats Waller – þetta var tímabilið á undan Bítlunum. Við dönsuðum allavega dansa eins og salsa, „jitterbug“ og dönsuðum eins og dansað er í dag en bara eftir annarri músík.

Þótti sjálfsagt að fara til Frakklands að loknu stúdentsprófi eins og þú gerðir?

Foreldrar mínir höfðu báðir stúderað í útlöndum og ég var svo heppin að þeim þótti sjálfsagt að ég vildi fara út. Ég var hluti af ákveðinni klikku í menntó sem fór saman, mamma og pabbi hefðu aldrei hleypt mér nema af því að það voru strákar með í för sem vernduðu mig. Þetta var gríðarleg lífsreynsla, við sigldum til Kaupmannahafnar, tókum lest frá Kaupmannahöfn niður til Grenoble og ég sé enn fyrir mér það þegar við keyrðum í gegnum Þýskaland. Þá voru fimm ár liðin frá stríðslokum en borgir eins og Hamborg voru enn gjörsamlega í rúst.

Í Frakklandi upplifði ég ótrúlega breytingu á lífskjörum, maður var svo góðu vanur að heiman. Það var svo kalt þarna og það var mikið púl fyrstu tvo veturna að læra frönskuna en gaman og svo afar inspirerandi.

Hafðir þú farið til útlanda áður?

Þetta var fyrsta utanlandsferðin mín. Ég gleymi því aldrei þegar við sigldum inn höfnina í Kaupmannahöfn. Þarna voru svo stór hús, þetta var gríðarleg upplifun. Núna upplifir fólk þetta ekki svona því það hefur séð þetta allt í sjónvarpi og bíó og það hefur farið með pabba og mömmu til Spánar eða eitthvað frá blautu barnsbeini.

Þú ert þekkt fyrir áhuga þinn á tungumálum. Hafa þau alltaf verið þér svona hugleikin?

Já, tungumálin eru lykillinn að heiminum. Þetta segi ég alltaf, þetta er upphaldssetningin mín. Um leið og þú lærir tungumálin þá lærir þú óhjákvæmilega um hin ýmsu menningarsvæði og það víkkar sjóndeildarhringinn. Mér finnst afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að læra eitt af Norðurlandtungumálunum. Ég hef tekið eftir því að það er svo miklu meiri reisn yfir okkur á Norðurlöndunum þegar við getum beitt fyrir okkur til dæmis dönskunni í stað þess að skipta beint yfir í ensku. Auðvitað lærum við öll enskuna, hún er um þessar mundir aðalviðskiptamálið en það er bara ekki nóg. Venjulegt fólk talar ekki ensku nema á afmörkuðum stöðum í veröldinni. Ég vildi svo óska

Þess að allt ungt fólk áttaði sig á þessu, helst ættu allir að hafa þrjú mál fyrir utan okkar móðurmál. Eitt Norðurlandamál, ensku og svo eitt til viðbótar eins og þýsku, frönsku eða hvað sem er.

Hvað þykir þér um stöðu íslenskrar tungu og talsmáta ungs fólks?

Ungt fólk hefur nú alltaf haft sinn talsmáta, það vitum við öll. Ég tel samt að við megum núna fara að vara okkur mjög mikið. Enskan er farin að hafa áhrif á setningaskipan í íslensku. Það eru náttúrlega að tynast svo mikið af gömlum orðatiltækjum sem tengd eru lífinu eins og það var um aldir í landinu, en fyrst og fremst megum við ekki láta ensku og enska setningaskipan smjúga inn í málið okkar gagnrýnislaust. Því miður vill það við brenna, mér finnst ég stundum verða vör við það að menn hugsa á ensku og þýða það síðan yfir á íslensku og hvaða vit er í því? Enskan er auðvitað úti um allt, til dæmis í tölvunni og það smitar út frá sér en því má aldrei gleyma að íslenskan er okkar akkeri í heiminum. Íslenskan gerir okkur öðruvísi, hún gerir okkur að sérstakri þjóð og hún er svo tengd landinu. Landið og tungan eru tvö blöð á sömu jurttinni. Það er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir þessu og langi að vera svo öðruvísi að eiga eigið tungumál.

Hver eru helstu verkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum um þessar mundir?

Þetta er stórmerkileg stofnun og ég var mjög snortin þegar ég var beðin um það að þessi tungumálastofnun sem snýr að öllum tungumálum sem kennd eru við Háskóla Íslands fengi að bera nafnið mitt. Ég er velgjörðarsandherra allra tungumála í heiminum og sá eini hjá UNESCO (Menningarmálastofnun SP) og þar hef ég unnið mikið á þessum sextán árum síðan ég hætti í embætti. Núna er þessi stofnun sem kennd er við nafnið mitt í Háskóla Íslands komin inn undir UNESCO, rétt eins og Þingvellir eru komnir á heimsminjaskrá og Reykjavík er orðin bókmenntaborg, ein af fimm eða sex í veröldinni. Stofnunin er ein sinnar tegundar í heiminum og markmiðið núna er að reisa hús sem verður miðstöð allra tungumála heimsins, þar á að vera hægt að nálgast kynningar á öllum tungumálum heimsins. Þetta hús verður reist við Suðurgötu við hliðina á Stofnun íslenskrar tungu, mér finnst það svo flott að íslenskan standi alein við hlið miðstöðvar allra annarra tungumála. Þetta á eftir að verða gríðarlegt aðráttarafi fyrir þá sem heimsækja landið okkar því þetta er hvergi annars staðar til.

Hvað gerir Vigdís Finnbogadóttir í frístundum sínum?

Ég held að ég geri bara það sama og aðrir í frístundum. Ég les, horfi á bíómyndir, fer mikið í leikhús, hlusta á músík og svo finnst mér ægilega gaman að hitta vinina og er í mörgum vinahópum. Ég fer út á land og heimsækji fólk mitt þar. Mér finnst gaman að halda boð og fara í boð. Mér finnst gaman að fylgjast með þjóðfélaginu og rökræða. Veistu það, ég er svo venjuleg manneskja að það er engin til venjulegru.

Hvaða tónlist ratar oftast á fóninn um þessar mundir?

Mér finnst ægilega gaman að hlusta á Hjalma, Hjaltalín og Baggalút. Ég held mikið upp á þessa þrenningu og ekki má maður nú gleyma Sigur Rós. Svo fylgist ég nú reyndar sæmilega með nýjustu plötuútgáfu.

Ert þú stöðugt að eða kemur fyrir að þú slakir á heima fyrir, pantir þér til dæmis pítsu eða leigir þér kvikmynd á fríkvöldi?

Ég held að það sé ekki til sá maður sem ekki slakar á heima hjá sér öðru hverju, guði sé lof. Ég myndi nú síður panta mér pítsu, frekar eitthvað hjá Kínverjunum. Ég á þessa yndislegu fjölskyldu sem býr í grenndinni við mig og ég nýt þess að verja tíma mínum með þeim. Ég horfi mikið á kvikmyndir og var til skamms tíma mikill viðskiptavinur víðjóléigunnar á Klapparstígnum þar sem finna má franskar og þýskar myndir sem rata ekki í kvikmyndahúsin.

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu er á meðal fremstu landsliða í Evrópu í dag. Sparkaðir þú í bolta sem ung stelpa?

Nei, það var ekki búið að finna upp fótbolta fyrir stelpur í minni tíð, því miður. Við stelpurnar vorum í handbolta. Ég var bakvörður lengi vel, síðar setti markað en ég var svo hrædd við boltann að ég ætla ekki að segja þér það en hetjulundin var svo mikil að ég lét það aldrei uppi hvað ég væri hrædd. Ég óð bara á móti boltanum, þannig var ég alin upp. Maður mátti aldrei láta á því bera að maður væri hræddur eða hryggur. Svoleiðis var alltaf falið í gamla daga, en slíkt á ekki að gera, hræðslu og hryggð á að sýna ef hún er til staðar – en þó ekki í boltanum.

Núorðið virðist vera hægt að komast í samband við hvaða manneskju sem er, hvar og hvenær sem er með aðstoð tölvupósts, farsíma og annarra samskiptamáta. Hvernig horfir öll þessi samskiptatækni við þér?

Það á auðvitað að fara varlega með hana eins og allt annað. Auðvitað er fallett hvernig stofnað er til vináttu á Facebook, menn skiptast á fregnum af fjölskyldu og sjálfum sér og það finnst mér fallett. En þegar farið er að nota Facebook til að höggva í fólk þá finnst mér erfitt að sitja undir því og því miður er of mikið af því í þjóðfélaginu. Fólk er of fljótt að fara að rifast, það er eins og öllum finnst eitthvað að því að fólk hafi mismunandi skoðanir en það er einmitt flott að lifa í þjóðfélagi þar sem fólk hefur ólíkar skoðanir, tjáir þær og getur rökrætt þær málefnalega sín á milli.

Átt þú Facebook-síðu?

Ég er ekki með Facebook-síðu, nei. Ég hefði ekkert þar að gera, ég frétti allt sem ég vil fréttu nógu fljótt.

Mér finnst ægilega gaman að hlusta á Hjalma, Hjaltalín og Baggalút. Ég held mikið upp á þessa þrenningu...

Hversu tæknivædd myndir þú segja að þú værir? Notast þú við tölvur dagsdaglega?

Ég vinn við tölvu frá morgni til kvölds og ég var mjög snemma tölvuvædd. Það fyrsta sem ég gerði við þá tölvu var að tefla við sjálfa hana, ég kunni ekkert annað (hlær). Það fannst mér ægilega sniðugt, þetta var fyrir 1980. Ég gæti þess samt að tapa mér ekki alveg í tölvupóstinum. Maður getur kannski setið heilu dagana og tekið við tölvupósti og sent tölvupóst en allt í einu hugsar maður: Hvar er mannsróddin? Nú vil ég gjarnan heyrja í einhverjum. Þá sendi ég svar til einhvers í pósti: „Viltu TALA við mig?“ með áherslu á að „tala“ sé ritað í hástöfum.

Sem fulltrúi lands og þjóðar forst þú í ýmsar opinberar heimsóknir til erlendra þjóðhöfðingja sem og tókst á móti slíkum hérlendis. Hvaða fundur með erlendum þjóðhöfðingja er þér eftirminnlegastur?

Ég hitti nú svo marga, meðal annars frú Thatcher í tví- eða þriggja, það var voðalega gaman að hitta hana. Þeir fundir sem höfðu dýpstu áhrifin á mig voru fundirnir við Vaclav Havel, Tékklandsforseta, og Richard von Weizsäcker sem var bæði borgarstjóri Berlínar og Þýskalandsforseti. Í þeim eignaðist ég virkilega vini sem mér þótti mjög vænt um.

Þú hittir einnig fleiri en einn Bandaríkjaforseta.

Já, það var nú ekki leiðinlegt að hitta Reagan og Bush eldri, þeir voru reglulega skemmtilegir karlar. Við Reagan urðum svo miklir mátar því við höfðum bæði unnið við leiklist. Þegar ég hef verið spurð út í það hvernig í ósköpunum ég hoppaði úr leiklistarstarfi yfir í það að vera forseti hef ég svarað: „Það er hvergi í heiminum hægt að læra að vera forseti. Það er ekki til neinn háskóli þar sem þú getur útskrifast sem cand. fors. en í leikhúsinu ertu alltaf að skilgreina mannlíf frá öllum sjónarhornum. Leikhúsið snýst um mannþekkingu og forsetaembættið snýst fyrst og fremst um að þekkja manneskjuna og viðbrögð hennar.“ Þess vegna þykir mér vænt um fólk og einkum ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref í því að átta sig á því hvað mannlíf er margbreytilegt.

Alla tíð hefur þú verið þekkt fyrir að vera snyrtileg og glæsileg til fara. Sem forseti, varst þú þá með einhvers konar stíla þér til halds og trausts?

Á svona ferðalögum gat maður ekki séð um allt svona lagað sjálfur svo maður var háður því að vera með gott fólk með sér. Ég hafði með mér alveg yndislegt fólk sem aðstoðaði mig til dæmis við hárgreiðslu.

Hvað varðar fót hef ég alltaf haft gaman af því að klæða mig franskt, ég er sú týpa. Ég klæði mig franskt og heldur sportlega. Það fyrirmyndarkvenfólk sem vann á forsetaskrifstofunni hjálpaði mér einnig mikið ef ég þurfti að kaupa eitthvað hérlendis. Ég átti líka vinkonur í búðunum héma heima og ef þessar konur sáu eitthvað „Vigdísarlegt“, þá bentu þær mér á það. Annars þykir mér best að kaupa fót í Frakklandi.

Lagðir þú upp úr að klæðast íslenskrri hönnun hvað varðar fatnað og skartgrip?

Þegar ég fór í fyrstu heimsóknina til Danmerkur þá var ég í ull frá toppi til táar og mér var svo heitt að ég hef aldrei vitað annað eins (hlær). Þegar ég fór í svona ferðir klæddist ég þrjónakjólum, þrjónadrögtum, ullardrögtum og lambapels svo ég kynnti Ísland og íslenska framleiðslu í öllum svona ferðum. Ég var eitt auglýsingaskilti fyrir íslenska framleiðslu.

Er Ísland best í heimi?

Það eru allavega mikil forréttindi að fá að fæðast á Íslandi vegna þess að við erum svo fá að hver og einn sem fæðist hér hefur mikla framtíðarmöguleika. Hér er okkur gefin besta gjöf sem hægt er að gefa nokkrum manni. Þú færð það afhent á silfurbakka að læra að lesa. Það er gjöf, því það er ólíklegt að þú hafir þig eftir því upp á eigin spýtur að læra að lesa þegar þú ert fimm eða sex ára. Þegar til kastanna kemur er þessi þjóð mjög samhent, þú sérð það ef eitthvað bjátar á. Ef það er sjóslys, eldgos eða eitthvað stórt kemur fyrir þjóðina þá standa allir saman eins og einn maður. Það er fámennið og tungan sem gerir það að verkum. Það er hægt að koma skilaboðum á einu tungumáli frá ysta punkti á Reykjanestá út á ysta punkt Langaness. Það eru forréttindi.

Þegar á heildina er litið, hvað var erfðast við að gegna embætti forseta lýðveldisins í heil sextán ár?

Erfðast er að maður er aldrei frjáls, maður er alltaf forseti og dagurinn er mjög ásetinn. Svo gat verið erfitt að vera endalaust að koma fram. Þegar ég fletti blöðunum á morgnana kveidi ég því og vonaði að ég yrði ekki á mynd í þeim. Mér fannst svo óþærligt að vera endalaust á myndum í blöðunum, ég er ekki sjálfhverfari en það. Að svo mæltu dáist ég þó að því að Íslendingar báru svo mikla virðingu fyrir einkalífnu að þeir skiptu sér ekkert af því ef við Ástríður færum til dæmis í bíó, að því leyti vorum við alltaf frjálsar.

En ánægjulegast?

Það ánægjulegasta var auðvitað að vinna að uppbyggingu með fólkinu hvar sem var í landinu. Á þeim langa tíma sem ég var í embættinu tókst mér að fá fólk í landinu með í mín hugðarefni. Hugðarefinn voru skýr, meðal annars að græða upp landið og hefta uppblásturinn og það lánaðist nú þótt hlegið hafi verið að því fyrst. „Gat nú skeð að kvenmaðurinn þyrfti að fara að setja niður einhver tré?“ Mér hefur alltaf þótt fyndið þegar sagt hefur verið: „Hún hafði ánægju af skógrækt.“ Þetta snerist ekki um það, þetta var mjög marksækið viðfangsefni gagnert til að gera sjálfu landinu til góða. Ég er svo lánsöm að þessu var veitt athygli. Einnig beitti ég mér öll árin mikið fyrir því að reyna að efla vitund fyrir íslenskri tungu. Spurningin stóra er: Hver á að gæta íslenskunnar? Það er enginn gæslumaður nema við sjálf. Ég hamraði þó mikið á þessu að mér fannst ég stundum hafa erindi sem erfði en ég veit ekki hvort það gengur áfram. Það eruð þið unga fólk, lesendur Monitor, sem hafið það í hendi ykkar.



1930 Vigdís fæðist þann 15. apríl

Vigdís elst upp á Ásvalla-götu í Vesturbænum. Gengur í Landakotsskóla og Gaggó Vest.

1949 Útskrifast af málbraut í Menntaskólanum í Reykjavík.




Vigdís kennir frönsku við MR á árunum 1962-1967 og MH á árunum 1967-1972. Vakti einnig athygli fyrir frönskukennslu í Ríkissjónvarpinu á árunum '70-'71.



1972 Verður leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur árið 1972 sem er þá til húsa í lðnó og gegnir þeirri stöðu í átta ár.

1980 Kjörin fjórði forseti íslenska lýðveldisins þann 29. júní. Verður þar með fyrst kvenna í heiminum til að vera kjörin þjóðarleiðtogi í lýðræðislegri kosningu.





Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana:

Ég fór til Ósló í Noregi í vikunni þar sem ég flutti erindi á ráðstefnu. Í vikunni þar á undan fór ég til Parísar og heimsótti Sorbonne, gamla skólann minn. Það var afskaplega gaman að koma þangað inn, það hafði ekki einum einasta nagla verið breytt.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á:

Það var ákaflega skemmtilegur staður í 5. hverfi Parísarborgar sem heitir Le beau jardinier.



Síðasta bók sem ég las:

Af fræðibókum var það bókinn Jón Sigurðsson allur eftir Pál Björnsson og af íslenskum skáldverkum las ég síðast bækurnar Málverkið eftir Ólaf Jóhann Ólafsson og Jarðnæði eftir Oddnýju Eir Ævarsdóttur saman í senn.



Síðasti hlutur sem ég keypti:

Það var bók í Bóksölu stúdenta sem mér finnst alltaf jafngaman að koma í. Ég keypti ljóð Þórarins Eldjárns til að fara með til Frakklands.



Síðasta húsvverk sem ég innti af hendi:

Ég moppaði gólfid þegar ég kom heim frá útlöndum á dögunum en hér ætti ég að nefna að ég setti í uppþottavélina í gærkvöldi.



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann:

Það var nú bara í morgun þegar ég heyrði í dóttur minni og dótturdætrum, fjölskyldunni.



Förðun:

Margrét R. Jónasardóttir
Hárgreiðsla: Hrafnhildur Hlökkversdóttir

1986

Gerist verndari Krabbameinsfélagsins 1986 sem hún er enn í dag.



1990

Skóg-ræktarfélag Íslands stofnar Vinaskógin Vigdís til heiðurs og gleði.

1996

Lætur af embætti forseta lýðveldisins þann 31. júlí 1996. Fyrsti forsetinn til að sitja í fjögur kjörtímabil. Hlýtur jafnframt stórkross Hinnar íslensku fálkaorðu.

1998

Er falið að vera velgjörðarsendihera tungumála hjá menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

2001

Fellst á að Stofnun í erlendum tungumálum við HÍ sé kennd við hana.

2009

Ævisagan Vigdís - Kona verður forseti, rituð af Páli Valssyni, kemur út.

2012

Á forsíðu Monitor 22. mars





HVAÐ ER ÞETTA „BAK VIÐ“
ÞÓREYJU BJÖRK?

ALLIR ættu að taka þátt í gleðinni

Í dag hefst hönnunarhátíðin HönnunarMars. Þetta er í fjórða skipti sem hátíðin er haldin og stendur hún til sunnudags. Dagskráin hefur aldrei verið jafn spennandi og margvísleg og núna. Það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Stíllinn mælir með að þú gerist menningarleg/ur um helgina.

Klæddu þig upp, fáðu þér kaffibolla og kíktu á t.d. þessa atburði á HönnunarMars:

HÖNNUNAR-MARSÍPAN

Kiosk, Laugavegur 65
Fimmtudag og föstudag. 11.00–18.00
Laugardag og sunnudag. 13.00–17.00
Hönnunarmarsípanið verður til sölu á nokkrum stöðum í bænum yfir helgina. Nældu þér í hönnun í nammiformi og styrktu í leiðinni gott málefni.

Þórey Björk Halldórsdóttir er listrænn stjórnandi Fatahönnunarfélagsins og opunarhófs HönnunarMars. Við hittum Þóreyju í stutt spjall.

Getur þú sagt okkur aðeins frá HönnunarMars? Hönnunarmiðstöðin sér um að halda HönnunarMars árlega, en Hönnunarmiðstöðin er einmitt í eigu allra hönnunarfélaga Íslands. Þess vegna má segja að HönnunarMars sé barn allra hönnuða og allir taka þátt til að sýna hvað þeirra félag er að gera. Það eru yfir hundrað viðburðir í gangi um allan bæ og því margt spennandi að skoða og sjá.

Í hverju felst þitt starf? Ég sé um að hanna og standa að sýningu Fatahönnunarfélagsins. Sýningin heitir Á bak við tjöldin – frá hugmynd að veruleika. Þar erum við að sýna og vekja athygli á ferli fatahönnunar, allt frá teikningum að flik. Þetta verður svolítið eins og að labba inn á vinnustofu hjá fatahönnuði. Einnig sé ég um listrænt útlit opunarheitis HönnunarMars sem verður rosa mikil gleði og partí.

Er eitthvað fyrir alla? Algjörlega! Það er eitthvað fyrir alla, unga sem aldna. T.d. verður Arkitektúraráfélagið með skemmtilegan viðburð fyrir börn í ráðhúsinu, þar sem þau geta komið og byggt

sitt eigið hús. Svo fer það alveg út í að vera sýningar á t.d. ljósum og matarhönnun. Þetta er bara spurning um að kynna sér dagskrána vel.

Er HönnunarMars í ár frábrugðinn þeim fyrri? Hann hefur aldrei verið jafnstór og í ár. Svo er allt að nútímavæðast. T.d. bjó Síminn til „app“ þar sem þú getur búið til þína eigin dagskrá, tjékkað þig inn á viðburði og alls konar skemmtilegt.

Myndir þú segja að HönnunarMars spili stóran þátt í útrás íslenskra hönnuða? Já! Það er rosaalega mikið af stórum erlendum fjölmiðlum sem koma. Þetta er gullíð tækifæri fyrir hönnuði til að koma sér á framfæri og láta ljós sitt skína.

Hvaða atburðum mælir þú með að fólk kiki á? Það eru mikið af opnunum fyrsta daginn sem ég mæli með að fólk skelli sér á. Þær eru ótrúlega skemmtilegar og opnar öllum. Annars ættu bara allir að koma og taka þátt í gleðinni, til þess er leikurinn gerður!

stíllinn mælir með



TÍSKUSÝNING 66°NORÐUR

Bláa Lónið
Föstudagur. 18.30–20.30
Tískusýning í Bláa Lóninu þar sem Dj Margeir sér um ljúfa tóna. Biltur, sund og tíska í einu höggi.



GUSGUS OG HAM TONLEIKAR

Harpa
Laugardagur. 20.00–00.00
GusGus og Ham á EVE Fanfest verður brjálæði sem þú vilt ekki missa af. Aðgangseyrir er 2.900 kr. og fer miðasala fram á mid.is



MUNDI FERÐALAGIÐ

Rauðhólar
Laugardagur. 16.30–17.30
Ný vetrarlína Munda verður sýnd í gjörningaformi á Rauðhólum. Búast má við bæði ævintýrlegu umhverfi og fótum. Enda er MUNDI ekki þekktur fyrir annað.

PARTÍ Í KRONKRON

Kronkron, Laugavegur 16b
Fimmtudagur. 19.00–21.00
Kíktu í partí í Kronkron þar sem nýja vor- og sumarlínan þeirra verður til sýnis. Fallegar myndir eftir Sögu Sig, góð tónlist og happdrætti með veglegum vinningum.



For more information call 354 5115500

DIESEL[®]
FOR SUCCESSFUL LIVING



PORTRAITS FOR SUCCESSFUL LIVING. DISCOVER MORE AT DIESEL.COM

PASTEL-ÆÐI

Pastellitir verða allra heitasta trendið í sumar. Hvort sem það eru buxur, kjólar, skyrtur eða jakkar er deginum ljósara að pastellituð flík er möst have í vor- og sumarfataþáttinum. Eins og svo oft áður eru stjörnumar með puttann á púlsinum í þessum efnum og ryðja veginn fyrir okkur hin. Við tókum saman nokkur nýleg dæmi um stjörnur í pastel.



REESE WITHERSPOON Í PASTEL-
GULUM KJÓL FRÁ LOUIS VUITTON
Á FRUMSÝNINGU Á DÖGUNUM



LITLA SYSTIR BEYONCÉ,
SOLAGE KNOWLES,
TEKUR TRENDIÐ ALLA
LEIÐ Í GULRI DRAGT SEM
FER HENNI MJÖG VEL



PASTEL-TÓNARNIR EIGA SVO
SANNARLEGA VEL VIÐ DÚLLUNA
HANA KATY PERRY. HÁRIÐ ER
MEIRA AÐ SEGJA Í STÍL!



MARY KATE OG ASHLEY OLSEN ERU
VÆGAST SAGT MIKLIR TRENDSETTER-
AR. HÉR SJÁST ÞÆR Á VIÐBURÐI
Í FALLEGUM BLÁUM PASTELLITUM.

popp
stjörnur

Í SAMSTARFI VIÐ:
Cheerios

TÓNLISTARVEISLA
Í HÖRPU
SUMARDAGINN
FYRSTA

MÍÐASALA
HEFST 23. MARS
Á HARPAÍS

TILVALIN FERMINGA-
EDA SUMARGJÖF



MILA KUNIS ER ALLTAF GLÆSILEG. HÉR ER HÚN Í FÖLBLEIKUM KJÓL OG HVÍTRI KÁPU Á TÍSKUVIKUNNI Í PARÍS



JESSICA ALBA ROKKAR GRÆNU BUXURNAR VIÐ SVARTA SKÓ, KÁPU OG HATT. ALGJÖR SKVÍSA.



HÉR SJÁUM VIÐ KATY PERRY AFTUR Í PASTEL-LITUNUM ENDA ER ÞAÐ EKKI SJALDGÆF SJÓN. HÚN TEKUR SIG MJÖG VEL ÚT Í ÞESSARI FALL-EGU LITASAMSETNINGU.



ÞAÐ ER EKKI HVER SEM ER SEM MYNDI PÚLLA PASTELBLÁAR BUXUR SEM ERU LÍKA ÚTVÍÐAR AÐ NEÐAN, EN OFUR-SKÚTLAN JENNIFER LOPEZ GERIR ÞAÐ!

Vejle Idrætshøjskole

KURSUSSTART DEN 9. AUGUST

með fókus á íþróttir. Skólinn er staðsettur í Vejle og það eru góðar samgöngur til og frá Billund og Kaupmannahöfn. Verð fyrir 19 vikna uppihald fyrir nemendur sem koma frá Íslandi er 17.000 dkr. "Borga þarf fyrir 1. maí". Skólinn er í Samvinnu við UMFÍ.

BOLDSPIL

Fodbold · Håndbold · Badminton · Tennis · Basketball · Volleyball

FITNESS

Fitness instruktør · Aerobic & fitnessdance · Dance · Indoor Cycling, pump & boksning · Styrketræning · Fitness 360°

OUTDOOR

Outdoor Energy · Adventure race · Adventure forest · Ekspedition · Vandsport · Ski · Dykning · Maraton & triatlon

POLITI

Fysisk træning · Teoretisk undervisning · Samarbejde og hold-opgave · Køreteknisk forløb · Besøg på politiskolen · Skydning



VEJLE IDRÆTSHØJSKOLE

Yderlig info kontakt Peter Sebastian /ps@vih.dk.

Læs mere på www.vih.dk

Starfsma ður frá skólanum verður á Íslandi 26.-29. mars og þá gefst kostur á að hitta hann og spurja hann spurninga um skólann.

PÖNTUM FYRIR HÓPA!



Við höfum boðið upp á sérpöntunarþjónustu fyrir hópa með góðum árangri en nú stóreflum við þá þjónustu með opnun þjónustuvefsins info.hokuspokus.is

Þarna er stórkostlegt úrval búninga og fylgihluta sem við getum útvegað með skömmum fyrirvara. Þjónustan er einföld, þið skoðið, veljið og fáðið tilboð.

Ykkar skemmtun er okkar fókus...
Hókus Pókus Laugavegi 69 - Sími 551 7955
og vefverslunin hokuspokus.is

HOKUS POKUS 
www.hokuspokus.is

„Út með gæruna!“
Stella í orlofi (1986)

Kominn í Elko!



VILTU VINNA EINTAK?


9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA

SENDU EST STREET Í NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

GEGGJAÐIR AUKAVINNINGAR!

TÖLVULEIKIR - DVD - GOS O.FL.

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.



MYNDIN THE HUNGER GAMES ER BYGGD Á VINSÆLUM BÓKAÞRILEIK

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

The Hunger Games

Sagan í The Hunger Games á sér stað í nálægri framtíð. Vegna þurrka, eldsvoða, hungursneyðar og stríðsátaka hafa Bandaríkin hrunið og í stað Norður-Ameríku er komið landið Panem. Panem skiptist í höfuðborg og 12 svæði. Árlega fer fram útdráttur á hverju svæði fyrir sig þar sem tveir fulltrúar eru valdir af handahófi til að keppa í hungurleikunum en keppninni er sjónvarpað um alla

Leikstjóri: Gary Ross.
Aðalhlutverk: Donald Sutherland, Stanley Tucci, Woody Harrelson, Elizabeth Banks, Lenny Kravitz, Josh Hutcherson, Alexander Ludwig, Jennifer Lawrence og Isabelle Fuhrman.
Lengd: 142 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Borgarbíó Akureyri og Sambíóin Keflavík.

Panem. Keppendurnir 24 eru þvingaðir til að útrýma keppinautum sínum fyrir fullt og allt á meðan aðrir íbúar landsins horfa á í beinni útsendingu. Hin 16 ára gamla Prim er valin til að keppa á leikunum en systir hennar, Katniss, býður sig fram í hennar stað. Katniss þarf að keppa ásamt félaganum sínum, Peeta, við mun sterkari mótherja sem eru búnir að æfa fyrir leikana allt sitt líf.

VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á **The Hunger Games**, fylgstu með... facebook.com/monitorbladi

KVIKMYND

Afmælisgleði í afmælistölublaði

Það er vel við hæfi að gagnrýni vikunnar fjalli um partí aldarinnar þegar Monitor er að fagna sínum glæsilega áfanga. Að sögn ritstjóra er leiðin að hundradasta tölublaðinu einmitt búin að vera eitt stórt partí.

Hér er á ferðinni hin klassíska formúla um þrjá 17 ára drengi í Bandaríkjunum sem dreymir um vinsældir í skólanum sínum. Til þess að geta náð þessu gófuga markmiði ákveða þeir að slá til veislu í tilefni afmælis eins úr hópnum. Til að tryggja góða mætingu í partíið fara þeir flestar mögulegar leiðir til að auglýsa það og vindur það upp á sig fyrir allan peninginn. Áður en þeir vita af er veislan komin svo mikið úr böndunum að það jaðrar við sturlun.




Þó svo að myndin virðist í upphafi einungis eiga að vera tekin á eina handhelda vél þá er því fljótlega blandað við fleiri vélar þegar partíið hefst og kemur það mjög vel út fyrir upplifun biógesta. Allir leikarar myndarinnar eru óþekkt nöfn og var það gert vísitandi svo áhorfendur gætu fengið þá tilfinningu að partíið hafi átt sér stað í raunveruleikanum.



Því miður þarf ég þó að setja út á hana fyrir að þurfa að troða inn rómantísku drama hjá einni af söguhetjunum okkar. Þessar senur gerðu ekkert

PROJECT X



kjánahroll þegar biógestir vilja ekkert heitar en að halda áfram með partíuðið.

Ég er þó viss um að flesta, sem deildu með mér biósal þetta snjóþunga sunnudagskvöld, hafi dauðlangað að stökkva inn í skjáinn og vera mætt í þetta draumkenna partí. Tónlistin í myndinni er til fyrirmyndar og ýtir verulega undir partístemninguna.

Project X er fjörug og skemmtileg ræma en í guðanna bænum ekki sjá hana á sunnudegi eða mánudegi, það er uppskrift að vægum bömmur.



MYND ÞESSI ER AF SKRÍMSLUM OG MANNI

SVARTHÖFÐI.is ...flytur fréttir frá Hollywood

John Carter er heimsmeistari í tapi

Margir höfðu spáð risamyndinni John Carter þeim döpru örlögum að hljóta þann vafasama heiður að verða sú kvikmynd sem mest tap verður á frá því mælingar hófust. Disney hefur þegar brugðist við vonbrigðum á aðsókn á myndina á heimsvísu, hún hefur skilað 184 milljónum dollara hingað til, og býst við að tapa um 200 milljónum dollara á þessari brelluveislu frá Mars.



John Carter er því að toppa sjóræningjamyndina Cutthroat Island sem hefur frá árinu 1995 haldið skammarsætinu sem sú mynd sem mestu tapi hefur skilað. Myndin skartaði Geenu Davis í aðalhlutverki og þáverandi eiginmaður hennar, Renny Harlin, leikstýrði Cutthroat Island sem varð banabiti Carolco Pictures.

Til að bæta gráu ofan á svart reiknar Disney ekki með því að sala á myndinni utan kvikmyndahúsa á Blu-ray, DVD, VOD-i og í sjónvarpi muni bjarga myndinni frá þessu stórtapi þar sem jafndræm aðsókn og þessi er talin hafa bein áhrif á frekari eftirspurn. Því blasir við að John Carter verður dýrasta flopp allra tíma.

Fjárfestar virðast þó ætla að halda ró sinni og á Wall Street hafa hlutabréf í kvikmyndarísanum ekki fallið nema um tæpt prósent enn sem komið er. Þeir hjá Disney eru líka brattir þrátt fyrir að John Carter muni stórlaska uppgjör fyrsta ársfjórðungs og á þeim bænnum horfir fólk bjartsýnt til sumarsins og setur allt sitt traust á að ofurhetjugalleríð Avengers og Pixar-myndin Brave muni slá í gegn og rétta stöðuna.

Svarthöfði fjallaði nýlega um hættuna sem beið John Carter en þeir sem hafa legið yfir markaðssetningu myndarinnar telja að þar liggi hundurinn grafinn enda er þegar búið að reka markaðsstjórnann sem hafði Carter á sinni könnu.

www.svarthofdi.is

TÖLVULEIKUR



FIFA Street

MAAAA

Tegund: Fótþoltaleikur
PEGI merking: 3+
Útgefandi: EA Sports

Dómar: Gamespot 8 af 10 / IGN 8 af 10 / Eurogamer 8 af 10

Klobbaðu draslið

Í heimi FIFA Street eru hjólhestaspyrnur, hælspyrnur, klobbar og aðrar boltabrellur daglegt brauð. Á dögunum kom út fjórði leikurinn í seríunni og ljóst að EA Sports-menn hafa hreinlega ýtt á „reset“ hnappinn, enda var serían komin í algjörar ógöngur. Hjarta FIFA Street-leiksins er svokallað World Tour Mode, en þar þurfa leikmenn að búa til sitt eigið knattspyrnuvelli og vaða með það um allan heim og keppa þar á hinum ýmsu mótum. Eftir hvern leik geta svo spilarar djúsað leikmennina upp og gert þá betri, kennt þeim betri trikk, aukið hæfileika þeirra og breytt útliti. Þessi hluti leiksins endist manni nánast ævina og munu eflaust flestir festast hér. En fyrir þá sem vilja auðmeltari smárétti er hægt að taka vináttuleiki og etja þar saman öllum stærstu liðum heims, taka þátt í deildarkeppni á netinu og margt fleira.



og ljónið. Út er farin teiknimyndagraffikin og ótrúlegu trikkin og í staðinn er komin mjög flott grafík og trikk sem eru framkvæmd í raunveruleikanum af þeim bestu.

Spilun leiksins gengur töluvert út á að gera sem flottust trikk og tekur dálitinn tíma að detta almennilega inn í það og venjast stýringunum, en þegar það er komið er ekki aftur snúið, því spilunin grípur mann hreðjartaki og neitar að sleppa. Það er sannkölluð blessun að EA Sports-menn fundu „reset“ takkann því hér er á ferðinni vandaður, en fyrst og fremst skemmtilegur fótþoltaleikur sem endurskapar allt það flottasta úr götubolta heimsins. Það er fátt skemmtilegra en að hópa vinunum saman og detta í gírinn í FIFA Street. Enda einstakt að sjá svipinn á vinum sínum eftir að maður er búinn að klobba draslið.



ÓLAFUR ÞÓR JÓNSSON

Kominn í Elko!



VILTU VINNA EINTAK?



9. HVER VINNUR! FJÖLDI AUKAVINNINGA


SENDU EST MASS Í NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

GEGGJADIR AUKAVINNINGAR!

TÖLVULEIKIR - DVD - GOS O.FL.

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.





HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Ari Eldjárn
 Á forsíðu: 29. júlí 2010
 Fyrirsögn viðtals: Vissi ekki að Scunthorpe væri til

Hitt og þetta bara. Við strákarnir í Mið-Íslandi sáum fyrsta þáttinn okkar á forsýningu um daginn og bíðum spenntir eftir því að hann verði frumsýndur á Stöð 2 í kvöld. Ég er annars að undirbúa sumarið í rólegheitunum. Þá verð ég á flakki um landið með klukkutíma uppistand og svo ætla ég að fara til Finnlands í júní til að taka þátt í keppni á grínhátið. Þar verð ég í liði með grínistum frá Noregi og Svíþjóð og vona bara að Finnarnir mali okkur ekki algjörlega. Fyrirlíði þeirra er André Wickström sem er myndasti maður sem ég hef séð á sviði. Draumurinn væri að halda svona landsleik sem fyrst í Reykjavík og stilla þar upp sterku íslensku landsliði þar sem borgarstjórinn myndi taka skóna af hillunni.



LOL-MAIL MONITOR

Til: Björn Bragi Arnarsson
 dags: 20. mars 2012 kl. 11:39

Björn Bragi

Til hamingju með sjálfan þig. Þú þarft að vera extra myndinn í dag því að þetta er jú afmælisblað og þú varst áður ritstjóri.

Viltu svo skora á einhvern frábær-an einstakling.

Ást alla leið,
JR

Kæri Jón

Til hamingju með hundraðasta blaðið. Hér kemur brandarinn:

Af hverju fila húsdýr lagið Little Talks með Of Monsters and Men? Það er svo mikið hey í því!

Ég skora á Loga Bergmann því mér þykir vænt um hann.

Ástarkveðja,
Björn Bragi

LOKAPRÓFIÐ

| 22. mars 2012 |
MONITOR
 skólinn

Ég heiti Gylfi Þór Sigurðsson

Ef ég væri ekki Gylfi Þór Sigurðsson myndi ég helst vilja vera

Þú veist hver ég er af því að ÉG ER ATVINNU-MAAUR Í FÓTBOLTA.

- Aðra hverja helgi
- a) fer ég í fjölskyldu- og húsdýr-garðinn með kærustunni.
 - b) sef ég til hádegis bæði á laugardegi og sunnudegi.
 - c) skora ég tvö mörk í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu...!
 - d) fer ég í bíó.
 - e) _____



- a) Gylfi Ægisson, tónlistarmaður
- b) Halldór Gylfason, leikari
- c) Gylfi Orrason, fyrrverandi knattspyrnudómari
- d) Gylfi Einarsson, knattspyrnumaður
- e) _____

af því að ÉG VILDI AÐ ÉG VÆRI GÖÐUR AÐ SINGJA.

Uppáhaldstónlistarmaðurinn minn er

- a) Fríðrik Dór
- b) Drake
- c) Kanye West
- d) Jay-Z
- e) _____

og upphaldslagið úr hans smíðu er

IM ON ONE

Stærsti hluti hjarta míns slær fyrir

- a) FH.
- b) Breiðablik.
- c) Reading.
- d) Hoffenheim.
- e) Swansea.

Kæran mín heitir ALEXANDRA HELGA ÓLAFSDÓTTIR og hún

- a) er það fallegasta sem ég á.
- b) var ungrú Ísland árið 2008.
- c) veitir mér hamingju.
- d) filar það ekkert sérstaklega að það sé spurning um hana hér.
- e) myndi skamma mig ef ég myndi ekki haka við öll svörin.

Eftir fótboltaferilinn minn væri ég til í að SLAPPA AF OG SPILA GOLF

Síðasta sms sem ég fékk var frá JÓNÍ RAGNARI JONSSONI og í því stóð: FARÐU NÚ AÐ DRIFA ÞIG AÐ KLARA SPURNINGARNAR FIRIR BLAÐIÐ, MÖ.

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

LAST COMMENT WINS

Uppáhaldsrándýrið mitt er

- a) örn.
- b) blettatígur.
- c) ísbjörn.
- d) _____
- e) ég sjálfur af því að ég er orðinn svo rándýr í boltanum.

Besti samherjinn á ferlinum er

- a) Viktor Örn Guðmundsson
- b) Demba Ba
- c) allir strákarnir í U-21 árs landsliðinu
- d) EIÐUR SMÁRI



af því AD HAN ER TEKNILEGA FRÁ-ÞERR LEIKAMAÐUR SEM HEFUR UNNIÐ NÁNNAST ALLT SEM HVER ER AÐ VINNA

Uppáhaldsmarkið mitt á ferlinum er

- a) markið sem ég skoraði á móti Skotum með U-21 árs landsliðinu
- b) markið sem ég skoraði á móti Liverpool
- c) fyrsta markið mitt í ensku úrvalsdeildinni.
- d) _____

en upphaldsfagníð mitt er þegar ég

TEK FIFA FAGNIÐ.

Það fyrsta sem ég geri þegar ég kem til Íslands er að

- a) drífa mig í bakaríð.
- b) skella í mig einum Vesturbæjaris.
- c) senda sms á alla vini mína sem í stendur: „Gylf-vélin er lent“.
- d) _____

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Gylfi Þór Sigurðsson



SÍÐAST EN EKKI SÍST

► Edda Hermannsdóttir, Gettu betur-spyrill, fílar:

KVIKMYND: Ég á enga nógu töff upphaldsbiómynd en viðurkenni að sú mynd sem ég hef horft einna mest á síðan ég var lítil er The Bodyguard. Má nokkuð annars tala um ævin-týramyndir eins og Lord Of The Rings og Harry Potter í svona blöðum?

SJÓNVARPSPÁTTUR: Dexter myndi ég segja að væru upphaldspættirnir mínir sem er mjög undarlegt þar sem ég þoli almennt illa blóð og ofbeldi í sjónvarpi.

BÓKIN: Ég hef sjaldan lesið neinar bækur jafn hratt og Stieg Larsson-trílógiuna. Síðan hef ég gaman af léttari bókum eins og til dæmis Water for Elephants.



PLATAN: Ég hlusta á mjög fjölbreytta tónlist. Uppáhaldstónlistin mín síðan ég var lítil er Kim Larsen en hinsvegar myndi ég segja að platan sem Tracy Chapman gaf út 1988 væri sú plata sem ég myndi vilja spila flesta daga.

VEFSÍÐAN: Rúnturinn samanstendur af nokkrum fréttu-, fata- og vefsíðum tengdum líkamsrækt. Annars er ég oftast inni á vefnum hjá Rás2 þar sem ég hlusta á útvarp á meðan ég læri.

STAÐURINN: Heimilið mitt er að besta staðurinn enda er ég mjög heimakær. Þykir hinsvegar ofboðslega vænt um Barcelona og gæti eytt þar mörgum stundum röltandi um gamla bæinn ásamt því að borða gott tapas.



VEL GERT

Ragna Björk Ólafsdóttir

Monitor má til með að hrósa kylfingnum Rögnu Björk Ólafsdóttur sem náði þeim merkilega áfanga á dögnum að fara holu í höggi á háskólamóti í Virginíuríki. Ragna er kylfingur úr Keili

en keppir nú fyrir Longwood-háskólann í Bandaríkjunum. Til lukku, Ragna!

Nú er komið að Rögnu Björk að láta hrósið ganga. Fylgist með því hverjum hún hrósar í næsta tölublaði Monitor.



FRÍÐRIK DÓR

ÉG HEF ALDREI

...tekið lán. Kvíði gríðarlega fyrir því þegar þar að kemur. **1**

...bundist blóðböndum. Það er víst ekki æskilegt en engu að síður grjóthart. **2**

...átt gæludýr. Spurning um að bindast fyrsta gæludýrinu blóðböndum. **3**

...slegist. Ekki það að ég sé að lýsa sérstaklega eftir slagsmálum. **4**

...lesið biblíuna. Hafði samt gríðarlega gaman af sögunum sem ég las í kristinfræði í Setbergsskóla í den, sérstaklega sögunni um manninn sem klippti hárið og missti styrk sinn. **5**

...jafnað mig eftir Suðurlands-skjálftann 2008. Fékk gríðarlega á mig sálrænt séð, sjálfsmýndin hrundi. Ásamt reyndar fleiri myndum á náttborðinu mínu. **6**

NÓA

325 g

KROPP

KOMIÐ Í VERSLANIR

NÝTT

GLEDILEGA PÁSKA

NÝTT

SÚKKULAÐIPELUR

NÓI SÍRÍUS

325 g

LAKKRIS

GLEDILEGA PÁSKA

NÓI SÍRÍUS

325 g

KARAM

NÓI SÍRÍUS

NÓA

KROPP

GLEDILEGA PÁSKA

LOKSINS NÓA KROPP EGG!

Ungarnir hjá Nóa Síríus fengu að leika sér og bættu alls konar góðgæti í súkkulaðið í eggjunum. Prófaðu þessi skemmtilegu páskaegg. Þau eru hreint út sagt ómótstæðilega góð.

NÓI SÍRÍUS

SAMSUNG

Samsung GALAXY S II



Einn vinsælasti sími á Íslandi

Kemur með nýjasta Android 4.0 ICS og er nú fáanlegur bleikur

Uppfærðu GALAXY S II símann þinn í Android 4.0

Þú getur á einfaldan hátt uppfært símann án þess að tengja hann við tölvu.

Farðu í *Stillingar* » *Um Símann* » *Hugbúnaðaruppfærsla* og þar

velur þú *Uppfæra* og þá hleðst nýjasta Android útgáfan í símann.

Athugið að það gæti þurft að endurtaka þetta ferli nokkrum sinnum ef það er langt síðan tækið var uppfært.

